

**Dreifibréf 03/2007/LS**  
**Heimildir læknanema til að ávísa lyfjum**

Lyfjastofnun hefur borist ábending frá landlæknisembættinu að lyfseðlar sem skrifaðir eru af læknanemum og kandítdötum án lækningaleyfis hafi fengist óhindrað afgreiddir í lyfjabúðum.

Landlæknisembættið úthlutar læknanemum á fjórða ári í læknisfræði læknanúmerum en þau veita ekki sjálfkrafa réttindi til þess að ávísa lyfjum.

Landlæknisembættið sendir reglulega út læknaskrá og þarf viðkomandi læknir að hafa annað hvort almennt lækningaleyfi eða tímabundið lækningaleyfi samkvæmt skránni til þess að mega ávísa lyfjum til sjúklinga.

Kandidatar og læknanemar sem ekki hafa lækningaleyfi, en starfa á sjúkrahúsi eða hliðstæðri stofnun, mega ávísa lyfjum með lyfseðli handa sjúklingum, sem þar eru til lækninga og þurfa því ekki að sækja um tímabundið lækningaleyfi. Í þessum tilvikum starfar viðkomandi alltaf á ábyrgð yfirlæknis og lyfseðlar sem gefnir eru út eru skráðir á stofnunina. Aðstoðarlæknar, þ.e. kandidatar skulu ávallt rita orðin “cand. med.” við undirskrift sína en læknanemi er gegnir stöðu aðstoðarlæknis tímabundið skal rita “stud. med”.

Ofangreindir læknanemar eru tilgreindir sem kandidat eða nemi í læknaskrá.

Sérstaklega skal tekið fram að ofangreind ákvæði gilda um öll lyf, hvort heldur þau eru eftirritunarskyld eða ekki. Einnig að takmarkanir, sem gilda um símalyfseðla, eru hinar sömu hjá ofnagreindum hópum og hjá þeim sem hafa ótakmarkað lækningaleyfi.

Lyfjastofnun